

Sjóvá – Ársuppgjör

Hagnaður nam 3.853 m.kr. á árinu 2019

12M 2019 og horfur

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 2.192 m.kr. (12M 2018: 1.631 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 2.218 m.kr. (12M 2018: 679 m.kr. tap)
- Heildarhagnaður tímabilsins 3.853 m.kr (12M 2018: 652 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 10,0% (12M 2018: 0,9%)
- Samsett hlutfall 95,1% (12M 2018: 97,4%)
- Horfur fyrir árið 2020 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% og að hagnaður fyrir skatta verði um 3.400 m.kr.
 - Horfur taka tillit til afkomu félagsins það sem af er árinu 2020

Fjórði ársfjórðungur 2019

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 324 m.kr. (4F 2018: 480 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 504 m.kr. (4F 2018: 6 m.kr.)
- Heildarhagnaður tímabilsins 808 m.kr. (4F 2018: 392 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins 2,1% (4F 2018: 1,0%)
- Samsett hlutfall 99,0% (4F 2018: 96,5%)

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Að baki er afar árangursríkt og ánægjulegt ár. Rekstur félagsins var góður en þar munar mestu um mikinn viðsnúning í afkomu af fjárfestingum þar sem sveiflur á milli ára nema um þremur milljörðum. Fjölgun viðskiptavina á síðasta ári undirbyggir vöxt í iðgjöldum og þar með góða niðurstöðu í samsettu hlutfalli sem var í lok árs 95,1%. Það er í takt við horfur og okkar langtímamarkmið. Í samanburði á rekstrarniðurstöðu milli ára, er vert að benda á að á árinu 2018 féllu til óvenju mörg stór tjón ásamt því að afkoma af fjárfestingum var langt undir væntingum.

Ávöxtun eignasafns félagsins var góð á fjórða ársfjórðungi og skýrist af góðri afkomu skráðra hlutabréfa. Afkoma af skuldabréfum var undir væntingum ásamt því að áfram voru óskráð hlutabréf færð niður á fjórðungnum. Ávöxtun eignasafnsins á árinu var hins vegar yfir væntingum, bæði á skráðum hlutabréfum og skuldabréfum. Horfur félagsins fyrir árið 2020 gera ráð fyrir að samsett hlutfall verði um 95% og að hagnaður fyrir skatta verði um 3.400 m.kr. og taka horfurnar mið af afkomu félagsins það sem af er árinu 2020.

Ánægja og tryggð hefur vaxið hjá Sjóvá á undanförunum árum. Starfsánægja er með því hæsta sem mælist hér á landi og saman höfum við stóraukið frumkvæði og virkt samtal við okkar viðskiptavini, bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði. Þetta hefur mælst vel fyrir og höfum við verið efst í Íslensku ánægjuvuginni síðustu þrjú árin en á síðasta ári mældist félagið með marktækan mun á keppinautana. Í tryggðarkerfinu okkar Stofni eru nú meira en 35 þúsund fjölskyldur og hafa þær aldrei verið fleiri. Á síðasta ári endurgreiddum við tjónlausum og tryggum fjölskyldum í Stofni 570 milljónir króna en 24.500 fjölskyldur nutu endurgreiðslunnar. Við hjá Sjóvá erum stolt af því að vera eina tryggingafélagið hér á landi sem umbunar þannig tryggðina en í 25 ár höfum við endurgreitt tjónlausum viðskiptavinum í Stofni og nema endurgreiðslurnar samtals um 10,5 milljörðum króna á núvirði.“

Tillaga stjórnar um arðgreiðslu og áframhaldandi endurkaup eigin hluta

Stjórn leggur til að hluthafar fái greiddan arð fyrir rekstrarárið 2019 sem nemur 1,44 kr. á hlut eða um 1.940 m.kr., 50% af hagnaði fjárhagsársins sem er í samræmi við opinbera arðgreiðslustefnu félagsins. Stjórn leggur til við aðalfund að viðhalda heimild til endurkaupa eigin hluta.

Kynningarfundur 13. febrúar 2020 kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund 13. febrúar kl. 16.15 þar sem Hermann Björnsson forstjóri mun kynna afkomu félagsins á fjórða ársfjórðungi og árinu í heild sinni. Fundurinn fer fram í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð.

Fundinum verður vefvarpað beint á slóðinni www.sjova.is/afkomukynningar.

Kynning á uppgjörinu verður aðgengileg á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningarfundurinn hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 12. mars 2020

1F 2020 – 14. maí 2020

2F 2020 – 20. ágúst 2020

3F 2020 – 29. október 2020

4F 2020 – 11. febrúar 2021

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website www.sjova.is

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	4F 2019	4F 2018	%	12M 2019	12M 2018	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	5.231	4.684	11,7%	20.633	18.165	13,6%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-225	-253	-10,9%	-932	-947	-1,6%
Eigin iðgjöld	5.005	4.431	13,0%	19.701	17.218	14,4%
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	245	314	-22,1%	1.068	1.165	-8,3%
Aðrar tekjur	55	85	-35,1%	204	105	93%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	5.305	4.830	9,8%	20.972	18.489	13,4%
Tjón tímabilsins	-4.105	-3.839	6,9%	-15.239	-14.085	8,2%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	131	481	-72,9%	377	998	-62,2%
Eigin tjón	-3.974	-3.357	18,4%	-14.861	-13.087	13,6%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.008	-993	1,5%	-3.918	-3.770	3,9%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-4.982	-4.350	14,5%	-18.780	-16.858	11,4%
Hagnaður af vátryggingarekstri	324	480	-33%	2.192	1.631	34%
Fjárfestingarstarfsemi						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	592	71	-	2.573	-346	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-88	-65	34,9%	-355	-333	6,5%
Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi	504	6	-	2.218	-679	-
Hagnaður/tap fyrir tekjuskatt	827	486	70,1%	4.410	952	-
Tekjuskattur	-19	-94	-79,7%	-557	-300	86%
Heildarhagnaður/tap tímabilsins	808	392	-	3.853	652	-
	4F 2019	4F 2018		12M 2019	12M 2018	
Tjónahlutfall	78,5%	81,9%		73,9%	77,5%	
Endurtryggingahlutfall	1,3%	-6,7%		2,2%	-0,9%	
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	79,7%	75,3%		76,1%	76,7%	
Kostnaðarhlutfall	19,3%	21,2%		19,0%	20,8%	
Samsett hlutfall	99,0%	96,5%		95,1%	97,4%	
Ávöxtun eigin fjár	21,5%	10,8%		25,6%	4,5%	
Hagnaður á hlut	0,62	0,27		2,82	0,46	
Eigið fé	16.294	13.827		16.294	13.827	
Gjaldþolshlutfall	1,48	1,49		1,48	1,49	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir árið 2019 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 13. febrúar 2020